

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/100/EBE**frá 19. nóvember 1992****um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugverkaréttar**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 57. gr., 66. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Sú vernd sem lög og reglur aðildarríkjanna veita verkum er njóta höfundarréttar eða efni sem nýtur skyldrar réttarverndar er misjöfn að því er varðar leigu og útlán á verkum. Slíkt ósamræmi leiðir til viðskiptahindrana og raskar samkeppni, og hamlar gegn stofnun hins innri markaðar og torveldar virka starfsemi hans.

Slíkt ósamræmi gæti hæglega aukist ef aðildarríki samþykkja hvert fyrir sig ný og ólík lög eða fordæmisréttur einstakra ríkja varðandi túlkun slíkra laga þróast á mismunandi vegu.

Leiðréttá ber ósamræmi sem nú ríkir í þeim tilgangi að mynda svæði án innri landamæra, eins og mælt er fyrir um

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 53, 28. 2. 1991, bls. 35 og Stjtið. EB nr. C 128, 20. 5. 1992, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 67, 16. 3. 1992, bls. 92 og ákvörðun frá 28. október 1992 (hefur enn ekki verið birt í Stjtið. EB).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 269, 14. 10. 1991, bls. 54.

í 8. gr. a sáttmálans, og koma á kerfi, á grundvelli f-liðar 3. gr. sáttmálans, til að sjá til þess að samkeppni á hinum sameiginlega markaði verði ekki raskað.

Leiga og útlán á verkum sem njóta höfundarréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar skiptir stöðugt meira máli, einkum fyrir höfunda, listflytjendur og framleiðendur hljóðritana og kvikmynda. Hætta á sjóræningjastarfsemi er sífellt að aukast.

Því má álíta að það hafi grundvallarþýðingu fyrir efnahags- og menningarþróun í bandalaginu að vernda á fullnægjandi hátt verk sem njóta höfundarréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar með leigu- og útlánsrétti, og vernda einnig efni sem nýtur skyldrar verndar með rétti til upptöku, fjölföldunar, dreifingar, útsendingar og miðlunar til almennings.

Nauðsynlegt er að aðlaga vernd, sem veitt er vegna höfundarréttar og skylds réttar, að breyttum efnahagsaðstæðum, svo sem nýjum nýtingarmöguleikum.

Til þess að höfundar og listflytjendur geti unnið áfram að skapandi og listrænu starfi er nauðsynlegt að tryggja þeim nægilegar tekjur af skapandi og listrænu framlagi sínu; einnig er nauðsynleg fjárfesting, einkum vegna útgáfu hljóðritana og framleiðslu kvikmynda, mjög mikil og áhættusöm. Einungis er unnt að tryggja listamönnum þessar tekjur, og að slík fjárfesting skili sér til baka, með því að veita rétt höfum sem í hlut eiga nægilega lögvernd.

Við þessi skapandi, listrænu og sjálfstæðu störf vinna að miklu leyti einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur. Nauðsynlegt er að auðveldja slíka starfsemi með því að veita samhæfða lögvernd innan bandalagsins.

Þar eð þessi atvinnurekstur er fyrst og fremst þjónustustarfsemi ber einnig að koma á samhæfðri rammalöggjöf um hana í bandalaginu.

Samræma ber löggjöf aðildarríkja á þann hátt að ekki brjóti í bága við alþjóðlega sáttmála sem lög margra aðildarríkja um höfundarrétt og skyld réttindi byggjast á.

Takmarka má rammalöggjöf bandalagsins um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti við það að aðildarríki kveði á um leigu- og útlánsrétt tiltekinna rétthafa og, enn fremur, við að mæla fyrir um rétt til upptöku, fjölföldunar, dreifingar, útsendingar og miðlunar til almennings að því er varðar efni sem nýtur skyldrar verndar.

Nauðsynlegt er að skilgreina hugtökin leigu og útlán að því er þessa tilskipun varðar.

Til að skýra málið frekar er æskilegt að hugtökin leiga og útlán nái ekki til ýmissa notkunarmöguleika, eins og t.d. notkunar hljóðritana eða kvikmynda (á við kvikmyndaverk, hljóð- og myndverk eða hreyfimyndir, með eða án hljóðs) til opinbers flutnings eða útsendingar, sýningar eða notkunar sem heimildir á vettvangi. Í þessari tilskipun nær orðið útlán ekki til lána milli stofnana sem almenningur hefur aðgang að.

Hafi útlán stofnunar sem almenningur hefur aðgang að í för með sér greiðslu gjalds sem ekki er hærra en nemur rekstrarkostnaði stofnunarinnar, er hvorki um að ræða beinan né óbeinan hagnað í skilningi þessarar tilskipunar.

Nauðsynlegt er að taka upp fyrirkomulag sem tryggir höfundum og listflytjendum sanngjarna þóknun sem er ófram-seljanleg og skulu þeir hafa rétt til að fela eigin innheimtu-samtökum að sækja þennan rétt.

Greiða má sanngjarna þóknun með einni greiðslu eða fleiri þegar eða eftir að samningur er gerður.

Þegar þessi þóknun er ákveðin skal taka tillit til mikilvægis framlags höfunda og listflytjenda við gerð hljóðritunar eða kvikmyndar.

Einnig er nauðsynlegt með sérstöku fyrirkomulagi að vernda a.m.k. rétt höfunda við útlán til almennings. Allar ráðstafanir á grundvelli 5. gr. tilskipunar þessarar skulu þó vera í samræmi við lög bandalagsins, einkum 7. gr. sáttmá-lans.

Ákvæði II. kafla koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin auki löglíkur þess sem kveðið er á um í 5. mgr. 2. gr. til að ná til einkaréttar sem fjallað er um í þeim kafla. Enn fremur skulu ákvæði II. kafla ekki standa í vegi fyrir því að aðildarríkin geti kveðið á um möguleika til að andmæla því að með samningi hafi listflytjandi afsalað sér sjálfkrafa réttinum til að ráða nýtingu eins og kveðið er á um í þeim greinum, ef það stangast ekki á við ákvæði Alþjóðasamningsins um vernd listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarps- og sjónvarpsstöðva (hér eftir nefndur Rómarsamningurinn).

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um umfangsmeiri vernd til handa rétt höfum vegna höfundarréttar en krafist er samkvæmt 8. gr. tilskipunar þessarar.

Óheimilt er að beita ákvæðum um samhæfðan leigu- og útlánsrétt og samhæfða vernd sem tengjast höfundarrétti til að takmarka í raun viðskipti milli aðildarríkja eða á þann hátt sem stangast á við regluna um tímasetningu fyrir nýtingu miðla, sem viðurkennd var í úrskurðinum í máli *Société Cinéthèque* gegn *FNCF* ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Réttur til leigu og útlána

1. gr.

Tilgangur með samhæfingu

1. Í samræmi við ákvæði þessa kafla skulu aðildarríkin kveða á um, með fyrirvara um 5. gr., rétt til að heimila eða banna leigu og útlán á frumverkum eða afritunum af verkum sem njóta höfundarréttar og öðru efni sem nýtur skyldrar verndar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr.

⁽¹⁾ Mál 60/84 og 61/84, Úrskurðir dómstóls EB frá 1985, bls. 2605.

2. Í þessari tilskipun er með „leigu“ átt við að heimila afnot af verki um takmarkaðan tíma beint eða óbeint í ábata- eða viðskiptaskyni.

3. Í þessari tilskipun er með „útláni“ átt við að heimila afnot um takmarkaðan tíma, en ekki beint eða óbeint í ábata- eða viðskiptaskyni, í gegnum stofnanir sem almenningur hefur aðgang að.

4. Réttur sá sem kveðið er á um í 1. mgr. tæmist ekki þótt frumverk eða afritanir af verkum sem njóta höfundarréttar og annað efni sem nýtur skyldrar verndar sé selt eða því dreift með öðru móti, samanber 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

Réttthafar og efni sem heyrir undir leigu- eða útlánsrétt

1. Einkaréttur til að heimila eða banna leigu eða útlán tilheyrir:

- höfundur, þegar um er að ræða frumverk og afritanir af frumverki hans,
- listflytjanda, þegar um er að ræða upptöku á flutningi hans,
- framleiðanda hljóðritunar, þegar um er að ræða hljóð- ritanir hans, og
- framleiðanda, þegar um er að ræða frumkvikmynda- verk hans og afritanir af því. Í þessari tilskipun er með „kvikmynd“ átt við kvikmyndaverk, hljóð- og mynd- verk eða hreyfimyndir, með eða án hljóðs.

2. Í þessari tilskipun er litið á aðalleikstjóra kvikmyndar eða hljóð- og myndverks sem höfund verksins eða einn af höfundum þess. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að fleiri séu taldir meðhöfundar verksins.

3. Tilskipun þessi nær ekki til leigu- og útlánsréttar sem tengist byggingum eða nytjalist.

4. Heimilt er að yfirfæra eða framselja til annarra þau réttindi sem um getur í 1. mgr. eða semja um nýtingarleyfi.

5. Með fyrirvara um 7. mgr. skal, þegar samningur um framleiðslu á kvikmynd er gerður milli framleiðanda og listflytjanda, við um hvern um sig eða sameiginlega, líta svo á að listflytjandi, sem samningurinn nær til, hafi afsalað sér leigurétti sínum, sbr. þó 4. gr.

6. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um svipað álit og mælt er fyrir um í 5. mgr. að því er varðar höfunda.

7. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að undirrit-

un samnings um framleiðslu á kvikmynd milli listflytjanda og framleiðanda feli í sér leyfi til leigu, að því tilskildu þó að í slíkum samningi sé kveðið á um sanngjarna þóknun í skilningi 4. gr. Þá er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að málsgrein þessi gildi að breyttu breytanda um réttindi sem ákvæði í II. kafla ná til.

3. gr.

Leiga á tölvuforritum

Tilskipun þessi er með fyrirvara um c-lið 4. gr. tilskipunar ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit ⁽¹⁾.

4. gr.

Réttur til sanngjarnrar þóknunar sem er óframseljanlegur

1. Hafi höfundur eða listflytjandi yfirfært eða framselt leigurétt sinn vegna hljóðritunar eða frumkvikmyndaverks eða afritana af kvikmynd til framleiðanda hljóðritunar eða kvikmyndar skal hann engu að síður halda rétti sínum til sanngjarnrar þóknunar fyrir leiguna.

2. Hvorki höfundar né listflytjendur geta framselt réttinn til sanngjarnrar þóknunar.

3. Heimilt er að láta innheimtusamtök höfunda eða list- flytjenda sjá um að sækja réttinn til sanngjarnrar þóknunar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um hvort og að hve miklu leyti innheimtusamtök beri ábyrgð á að sækja réttinn til sanngjarnrar þóknunar og einnig hvern má krefja eða innheimta þóknunina hjá.

5. gr.

Frávik frá einkaréttinum til útlána til almennings

1. Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings, sem kveðið er á um í 1. gr., að því tilskildu að a.m.k. höfundar fái þóknun vegna slíkra útlána. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða þóknunina með hliðsjón af markmiðum þeirra til stuðnings menning- arstarfsemi.

2. Beiti aðildarríkin ekki einkaréttinum til útlána, sem kveðið er á um í 1. gr., gagnvart hljóðritunum, kvikmyndum og tölvuforritum skulu þau a.m.k. mæla fyrir um þóknun höfundum til handa.

⁽¹⁾ Stjútöð. EB nr. L 122, 17. 5. 1991, bls. 42.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að undanþiggja tilteknar stofnanir frá þeirri skyldu að greiða þóknunina sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, semja skýrslu um útlán til almennings í bandalaginu fyrir 1. júlí 1997. Skýrslan skal send ráðinu og Evrópuþinginu.

II. KAFLI

RÉTTINDI SKYLD HÖFUNDARRÉTTI

6. gr.

Réttur til upptöku

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa listfytjendum til að heimila eða banna upptöku á flutningi þeirra.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa útvarps- eða sjónvarpsstöðvum til að heimila eða banna upptöku á útsendingum þeirra, án tillits til þess hvort sent er út í gegnum þráð eða um loft, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. Dreifandi efnis um kapal nýtur ekki réttar sem kveðið er á um í 2. mgr. ef hann endurvarpar einungis um kapal útsendingum útvarps- eða sjónvarpsstöðva.

7. gr.

Réttur til fjölföldunar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til að heimila eða banna fjölföldun, með beinum eða óbeinum hætti, til handa:

- listfytjendum, þegar um er að ræða upptökur á flutningi þeirra,
- framleiðendum hljóðritana, þegar um hljóðritanir þeirra er að ræða,
- framleiðendum frumkvikmyndaverka, þegar um frumkvikmyndaverk og afritanir þeirra er að ræða, og
- útvarps- og sjónvarpsstöðvum, þegar um er að ræða upptökur á útsendingum þeirra eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.

2. Heimilt er að yfirfæra eða framselja þau réttindi sem um getur í 1. mgr. eða semja um nýtingarleyfi.

8. gr.

Útsendingar og miðlun til almennings

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa listfytjendum til að heimila eða banna þráðlausa útsendingu og miðlun á flutningi þeirra til almennings, nema þegar

viðkomandi flutningur fer fram í útvarps- eða sjónvarpsútsendingu eða er upptaka.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um rétt sem tryggir að notandi greiði með eingreiðslu sanngjarna þóknun ef hljóðritun, sem gerð er í hagnaðarskyni, eða afritun hennar er notuð í þráðlausri útsendingu, eða miðlað með öðrum hætti til almennings og sjá til þess að þóknunin skiptist milli listfytjenda og framleiðenda hljóðritana sem í hlut eiga. Sé enginn samningur í gildi milli listfytjenda og framleiðenda hljóðritana geta aðildarríkin mælt fyrir um með hvaða hætti skipting þessi fari fram.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa útvarps- og sjónvarpsstöðvum til að heimila eða banna þráðlaust endurvarp á útsendingum þeirra, eða miðlun til almennings með öðru móti, fari slíkt fram á stöðum sem almenningur hefur aðgang að gegn greiðslu aðgangseyris.

9. gr.

Réttur til dreifingar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa:

- listfytjendum, þegar um upptöku á flutningi þeirra er að ræða,
- framleiðendum hljóðritana, þegar um hljóðritanir þeirra er að ræða,
- framleiðendum frumkvikmyndaverka, þegar um frumkvikmyndaverk og afritanir þeirra er að ræða, og
- útvarps- og sjónvarpsstöðvum, þegar um er að ræða upptökur á útsendingum þeirra eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.,

til að miðla þessu efni, þ.m.t. afritunum af því, til almennings með sölu eða öðru móti, nefnt hér á eftir „réttur til dreifingar“.

2. Réttur til dreifingar í bandalaginu tæmist ekki, þegar um er að ræða efni sem um getur í 1. mgr., fyrr en réttthafi selur hann í fyrsta skipti í bandalaginu eða slíkt er gert með samþykki hans.

3. Réttur til dreifingar skal vera með fyrirvara um einstök ákvæði í I. kafla, einkum 4. mgr. 1. gr.

4. Heimilt er að yfirfæra eða framselja öðrum réttinn til dreifingar eða semja um nýtingarleyfi.

IV. KAFLI

10. gr.

Takmarkanir á réttindum

1. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um takmarkanir á réttindum sem um getur í II. kafla sé um að ræða:

- a) einkanot;
- b) notkun á stuttum köflum í tengslum við fréttaflytning af dægurmálum;
- c) upptöku hjá útvarps- eða sjónvarpsstöð til skamms tíma með eigin búnaði og vegna eigin útsendinga;
- d) notkun við kennslu eða vísindarannsóknir eingöngu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., er aðildarríki heimilt að kveða á um sams konar takmarkanir á vernd til handa listflytjendum, framleiðendum hljóðritana, útvarps- og sjónvarpsstöðvum og framleiðendum frumkvikmyndaverka og kveðið er á um vegna verndunar höfundarréttar bókmennta- og listaverka. Þó er einungis heimilt að kveða á um skyldubundin nytjaleyfi að því marki sem slíkt brýtur ekki í bága við Rómarsamninginn.

3. Ákvæði a-liðar 1. mgr. eru með fyrirvara um gildandi lög um þóknun vegna fjölföldunar til einkanota eða lög sem samþykkt verða þar um síðar.

III. KAFLI

GILDISTÍMI

11. gr.

Gildistími höfundarréttar

Með fyrirvara um frekari samþæfingu skulu réttindi höfundar sem um getur í tilskipun þessari falla úr gildi á skemmri tíma en kveðið er á um í Bernarsamningnum um vernd bókmennta- og listaverka.

12. gr.

Gildistími skyldra réttinda

Með fyrirvara um frekari samþæfingu skulu réttindi listflytjenda, framleiðenda hljóðritana og sjónvarps- og útvarpsstöðva, sem um getur í tilskipun þessari, ekki renna út á skemmri tíma en kveðið er á um í hverju tilviki í Rómarsamningnum. Réttindi sem kveðið er á um í tilskipun þessari til handa framleiðendum frumkvikmyndaverka skulu ekki renna út fyrir en tuttugu ár eru liðin frá lokum þess árs er frumkvikmyndin var gerð.

ALMENN ÁKVÆÐI

13. gr.

Beiting ákvæða tilskipunarinnar

1. Tilskipun þessi gildir um öll verk sem njóta höfundarréttarverndar, flutning, hljóðritanir, útsendingar og frumkvikmyndaverk sem um getur í tilskipuninni og njóta enn verndar samkvæmt lögum aðildarríkjanna um höfundarrétt og skyld réttindi þann 1. júlí 1994 eða uppfylla skilyrði um vernd samkvæmt tilskipuninni á þeim degi.

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um alla nýtingu sem á sér stað fyrir 1. júlí 1994.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að litið sé svo á að rétthafar hafi veitt leyfi til leigu eða útláns á efni sem getið er um í 1. mgr. 2. gr. ef sýnt er fram á að þriðju aðilar hafi fengið afnot af því fyrir 1. júlí 1994. Þó er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að rétthafar eigi rétt til hæfilegrar þóknunar vegna leigu eða útláns á þessu efni, einkum ef um stafræna hljóðritun er að ræða.

4. Aðildarríki þurfa ekki að beita ákvæðum 2. mgr. 2. gr. gagnvart kvikmyndverkum eða hljóð- og myndverkum sem eru gerð fyrir 1. júlí 1994.

5. Aðildarríkjum er heimilt að ákvarða hvenær ákvæði 2. mgr. 2. gr. öðlast gildi, þó með þeim fyrirvara að það sé eigi síðar en 1. júlí 1997.

6. Með fyrirvara um 3. mgr. og 8. og 9. mgr., skal tilskipun þessi ekki hafa áhrif á samninga sem gerðir voru áður en hún var samþykkt.

7. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 8. og 9. gr., að kveða á um að ef rétthafar, sem öðlast ný réttindi samkvæmt innlendum ákvæðum sem samþykkt eru til að framfylgja ákvæðum þessarar tilskipunar, hafa fyrir 1. júlí 1994 veitt samþykki fyrir nýtingu sé litið svo á að þeir hafi yrfært þessi nýju einkaréttindi.

8. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða dagsetningu er rétturinn til sanngjarnrar þóknunar sem er ekki unnt að falla frá, og kveðið er á um í 4. gr., tekur gildi, þó með þeim fyrirvara að það sé eigi síðar en 1. júlí 1997.

9. Þegar um er að ræða samninga sem gerðir voru fyrir 1. júlí 1994 skal rétturinn til sanngjarnrar þóknunar sem ekki er unnt að falla frá, og kveðið er á um í 4. gr., einungis gilda ef höfundar eða listflytjendur eða fulltrúar þeirra hafa lagt fram beiðni þess efnis fyrir 1. janúar 1997. Hafi enginn samningur verið gerður við rétthafa um upphæð þóknunarinnar, geta aðildarríkin ákveðið upphæð sanngjarnrar þóknunar.

14. gr.

Samband milli höfundarréttar og skyldra réttinda

Sú vernd sem veitt er með réttindum sem eru skyld höfundarrétti samkvæmt tilskipun þessari skal ekki skerða höfundarréttarvernd á neinn hátt.

15. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim

tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

E. LEIGH

forseti.